Vér girðum linda vora, reiðubúnir að svara kalli húsbóndans. Þeir spretta gjörðinni verði þeir ósáttir um þjónustuna.

## IV. Kapítuli.

### *Æfilok Jónasar.*

En samræðurnar urðu ekki lengri. Fljótara en elding lýsti hvarf Jónas á brott frá þeim og skaut á land. Fór hann nú sem leið lá uns hann kom til Niñeve, og segir ekki meira af ferðum hans. En er menn spurðu hvað fyrir hann hefði borið, varð þessi för hans allfræg og var lengi í minnum höfð, og hafa margir undrast um hvað orðið hafi af þeim hinum félögum hans er eftir sátu í kviði stórfiskjarins og hefir aldrei til þeirra spurzt.

Mælt er að Jónas hafi setið um kyrt eftir þetta í Nineve og sé grafin þar. Var hann þá 198 ára, er hann var gleyptur af hvaluum. Var hann enn alls ófarinn að heilsu og djarfur til allra áræða, en með aldrinum gerðist hann hrumur og vílaði fyrir sér að leggja í slíkar langferðir. Kaus hann heldur að setjast að um kyrt það eftir var daganna, og njóta friðar og hvíldar í ellinni. En sjómaður var hann ágætastur allra, svo sögur greini frá.

ENDIR

**HEIMIR**

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Útgefendur: Nokkrir Íslendingar í Vesturheimi.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.
Ritstjóri: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

Prentari: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.

ENTERED AT THE POST OFFICE OF WINNIPEG AS SECOND CLASS MATTER.